



Minnisblað

Forsætisnefnd
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Júní 2025

Efni: Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkur 2022 - 2030

Stefnan eins og hún er kynnt er að sönnu metnaðarfull og um flest byltingarkennd. Í henni er að finna margar áherslur sem launafólk hlýtur á hverjum tíma að geta tekið undir af heilum hug. Sú framtíðarsýn sem stefnan bregður upp felur í sér fyrirheit og víst er að takist að hrinda henni í framkvæmd og skili hún tilætluðum árangri verður Reykjavík um margt gjörbreytt borg á næstu fimm árum.

Eðli málsins samkvæmt vekur atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar áhuga verkalýðshreyfingarinnar. Barátta fyrir því að launafólk fái notið góðra og öruggra starfa er eitt hryggjarstykkið í starfsemi hreyfingarinnar og tengist órófa þeirri viðleitni að vera afl framfara og breytinga í íslensku samfélagi.

Ef til vill er tímaramminn það sem fyrst vekur athygli við yfirferð stefnunnar þar sem nú lifa aðeins fimm ár af henni. Jafnframt skal tekið fram að við leit fannst aðeins aðgerðaáætlun fyrir árin 2023-2024. Af þeim sökum er erfitt að tjá sig um þau áform um aðgerðir undir hatti atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar sem vissulega eru boðaðar með uppfærslu til tveggja ára hverju sinni.

Virkur þátttakandi í mótun skapandi atvinnulífs

Í 1. kafla er nefnist *Sameiginlegur skilningur borgar og atvinnulífs* segir:

Við viljum að samskipti borgar og atvinnulífs einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og sameiginlegum skilningi á þeim áskorunum og verkefnum sem hvor um sig stendur frammi fyrir.

Við ætlum að líta á okkur sem virkan þátttakanda í mótun skapandi atvinnulífs. Það þýðir að Reykjavíkurborg skilji þarfir og væntingar atvinnulífsins og lagi þjónustu sína og starfsemi sem best að þeim þörfum. Borgin þarf að starfa eftir stefnu sem er skýr og skiljanleg og sækjast eftir sátt um sameiginleg markmið.

Þessi sameiginlegi skilningur þarfeinnig að ná til sjálfstætt starfandi einstaklinga, frumkvöðla, annarra sveitarfélaga, menntastofnana, þriðja geirans og ríkisins.

Hugtakið atvinnulíf er vissulega víðtækt en um það verður tæpast fjallað án þess að vikið sé að kjörum og hagsmunum launafólks. Hvernig sjá stefnumótendur Reykjavíkurborgar fyrir sér að komið verði á virkara samtali og aukinni upplýsingamiðlun á milli Reykjavíkurborgar og atvinnulífsins sem kveðið er á um í forgangsáherslu 1.1? Og með hvaða hætti gæti verkalýðshreyfingin komið að því samtali?

Hið sama á við um kafla 3 *Fleiri stoðir verðmætasköpunar* þar sem fram kemur að borgin muni hafa frumkvæði að samstarfi um þróun nýsköpunar- og þekkingarkjarna í Reykjavík. Þar verði atvinnutækifæri framtíðarinnar sköpuð í samstarfi atvinnulífs, nýsköpunarsamfélagsins, menntastofnana og borgarinnar.



Við hjá verkalýðshreyfingunni viljum mjög gjarnan tryggja aðkomu okkar að sköpun atvinnutækifæra í framtíðinni og koma á reglulegu samtali.

Í sama kafla verður ekki annað séð en að stefnt sé að byltingu í menntamálum borgarinnar þar sem segir:

Reglulega verða gerðar úttektir á hvaða hæfni og þekkingu Reykjavík framtíðarinnar kallar eftir og hvernig við getum tryggt að hún sé til staðar.

Verkalýðshreyfingin heldur úti umfangsmikilli fræðslustarfsemi og réttindavörslu og ljóst er að vinnumarkaður er að þróast á þann veg að honum munu fylgja djúpstæðar breytingar og þar með miklar áskoranir. Við fögnum því að hugað sé að þessu.

Mannréttindi, inngilding

Í 6. kafla atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar sem ber yfirskriftina *Engin skilin eftir* er að finna áherslu og nálgun sem varðar verkalýðshreyfinguna miklu í ljósi þess að mannréttindabaráttan hefur alla tíð verið miðlæg í starfsemi hennar.

Ástæða er til að fagna þeirri áherslu sem lögð er á samtvinnun ólíkra menningarheima og skapandi vinnu gegn staðalímyndum í þágu jafnréttis. Í þessu efni vekur sérstaka athygli forgangsáhersla 6.3 þar sem markmiðið er sagt vera að tryggja mannréttindi allra á vinnumarkaði:

Við vinnum markvisst að inngildingu þar sem fólk hefur sömu tækifæri, óháð uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs- eða stjórnmálaskoðunum, trúleysi, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, aldri, fötlun, holdafari, líkamsgerð, heilsufari, atgervi eða annarri stöðu.

Jafnframt vekur vonir sú þunga áhersla sem lögð er á að virkja hæfileika allra, réttlæti, sanngirni og þátttöku.

Þær grundvallabreytingar sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði á undanliðnum árum með fjölgun launafólks af erlendum uppruna, hafa fært verkalýðshreyfingunni sem heild og einstökum landssamböndum og stéttarfélögum nýjar og krefjandi áskoranir. Þung áhersla hefur verið lögð á að ná til erlends verkafólks í því skyni að upplýsa það um réttindi sín og halda uppi vörnum fyrir það gagnvart svikum og annarri misneytingu.

Hin síðari ár hefur því sífellt aukin áhersla verið lögð á inngildingu og mikilvægi fjölbreytileikans á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar. Þau fyrirheit sem atvinnu- og nýsköpunarstefnan gefur hljóta því að vera sérstakt fagnaðarefni ekki síst í ljósi þess hversu fjölmennur vinnustaður Reykjavíkurborg er og hversu margt aðkomið launafólk er þar við störf.

Ekki verður annað séð en að áherslu Reykjavíkurborgar og verkalýðshreyfingarinnar geti farið ágætlega saman í þessu efni og verður spennandi að fylgjast með framhaldinu.

„Gigg“ hagkerfið

Í stefnunni er hvergi vikið að því hvernig fella má háleit og metnaðarfull markmið hennar að breytingum sem ekki eru fallnar til að bæta afkomu og lífsskilyrði launafólks og þegar hafa skotið rótum.



Á alþjóðavettvangi er nú lögð sífellt meiri áhersla á hið svonefnda „gigg-hagkerfi“ og það algjöra réttleysi launafólks sem því fylgir og fella má í verstu tilvikum undir skipulagða misneytingu. Um þetta mætti hafa langt mál og fyrir liggur að íslenska verkalýðshreyfingin hefur þungar áhyggjur af þessari þróun.

Því fer fjarri að íslenska hreyfingin sé þar ein á báti og má í því samhengi upplýsa að á þingi Alþjóðavinnuáráðs (ILO) sem fram fer þessa dagana í Sviss eru málefni „gigg-hagkerfisins“ sem einnig er nefnt „vettvangshagkerfið“ (e. Platform Economy) sérstaklega til umfjöllunar. Staðreyndin er sú að vinnumarkaðir um heim allan glíma nú við afleiðingar þess uppbrots sem fylgt hefur þessum miklu breytingum. Áskorunin samkvæmt ILO er ekki síst sú „að tryggja að starfsmenn á vettvangi hafi aðgang að mannsæmandi vinnu.“

Hyggist Reykjavíkurborg taka þá forystu á sviði atvinnumála og nýsköpunar sem lýst er í títtnefndri stefnu verður ekki hjá því komist að móta afstöðu til „gigg-hagkerfisins“ sem algengt er að erlent launafólk hér á landi starfi innan, líkt og alkunna er.

Grænn vöxtur

Í 5. kafla atvinnu- og nýsköpunarstefnu höfuðborgarinnar sem ber yfirskriftina *Grænn vöxtur* er að finna fyrirheit um aðgerðir til að stuðnings grænum nýsköpunarverkefnum þar sem atvinnulíf næsta áratugar [muni] fela í sér minni kolefnislosun og meiri umhverfisvitund og nýsköpun sem stuðlar að sjálfbærari borg. Slík áherslubreyting mun skapa ný og græn störf og nýjar leiðir til að vinna þau störf af hendi.

Þá er því lýst yfir að kolefnisfótspor borgarinnar verði minnkað um helming á næstu 10 árum. Í því felast áskoranir sem þarfnast skapandi lausna sem nýtast bæði hér heima og fyrir heiminn allan.

Samgöngur eru undirstaða öflugs atvinnulífs. Samgöngur hafa einnig veigamikil áhrif á daglegt líf fólks, lífsgæði og kjör. Reykjavíkurborg hefur lagt mikla áherslu á þéttingu byggðar og aðgerðir sem eru til þess fallnar að greiða veg virkra ferðamáta en þrengja að einkabílum. Á sama tíma hefur þjónusta Strætó versnað, gjöld Strætó hækkað auk þess sem bílastæðagjöld hafa hækkað víðast hvar. Reykjavíkurborg bauð á tímabili upp á styrki fyrir fjölbýlishús til að styðja við uppsetningu rafhleðslustöðva en slíkir styrkir standa ekki lengur til boða.

Skilvirkar, greiðar samgöngur á viðráðanlegu verði eru grundvallarforsenda þátttöku á vinnumarkaði. Ef markmið borgarinnar er að tryggja að græn umbreyting sé byggð á réttlæti og þátttöku þar sem allir geti fundið vinnu við hæfi og þar sem fólk hefur sömu tækifæri óháð bakgrunnspáttum þarf borgin að tryggja að atvinnustefna og samgöngustefna borgarinnar tali saman og að þróun borgarskipulags og breytingar í samgöngum hafi ekki neikvæð áhrif á viðkvæma hópa, skerði lífsgæði þeirra eða komi niður á kjörum þeirra, heldur styðji við bætt lífsgæði og afkomu.

Hér er rétt að benda á það baráttumál verkalýðshreyfingarinnar hér á landi sem erlendis sem í daglegu tali kallast „réttlát umskipti.“ Þeim er lýst svo í sameiginlegri skýrslu samtaka launafólks á Norðurlöndum og í Þýskalandi frá árinu 2021¹:

Samtök launafólks sem taka þátt í verkefninu eru einhuga um nauðsyn þess að draga úr samfélagskostnaðinum sem verður til í þessu umskiptaferli. Samræma þarf aðgerðir í

¹ https://prismic-io.s3.amazonaws.com/bhm-ytri/cdbab80b-a031-4f2e-8bfc-5d3bf8fed83e_rettlát_umskipti_skyrsla.pdf



baráttunni gegn loftslagsbreytingum með það að markmiði að tryggja mannsæmandi störf og líf skjör.

Í íslenskum kafla skýrslunnar er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi:

Með réttlátum umskiptum búum við til trausta ferla og tryggjum sanngjarna skiptingu kostnaðar og ábata á leið okkar að kolefnishlutlausu hagkerfi.

Veigamestu aðgerðir íslenskra stjórnvalda hingað til snúa að losun frá vegasamgöngum. Þær fela í sér skattlagningu jarðefnaeldsneytis og bensín- og díselbíla en ívilnanir eru veittar fyrir vistvænni farartæki og rafhleðslustöðvar. Skattlagning af þessu tagi er hlutfallslega mest íþyngjandi fyrir lágtekjuhópa og að sama skapi gagnast ívilnanirnar helst fólki í efri tekjuhópum.

Umskiptin til kolefnishlutleysis, tækniþróun og sjálfvirknivæðing, ásamt hækkandi aldri þjóðarinnar, munu móta íslenskan vinnumarkað og áhrifanna er þegar farið að gæta. Þörf er á heildstæðri stefnu um fjárfestingar í aðlögun og nýrri tækni, menntun og færniþörf, vinnumarkaðsaðgerðir til að tryggja góð störf og framfærslutryggingu.

Græni vöxturinn getur með öðrum orðum lagst af miklum þunga á láglaunafólk hér á landi sem erlendis og því er mikilvægt að grunnhugsun réttláttra umskipta sé jafnan í forgrunni við mótun stefnunnar.

Reykjavíkurborg gegnir lykilhlutverki í réttlátum umskiptum. Stór hluti íslensks launafólks býr og starfar í Reykjavík auk þess sem aðgerðir borgarinnar hafa gríðarleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda sem og á líf skjör og lífsgæði launafólks. Ýmislegt í stefnunni rímar við réttlát umskipti á meðan annað vantar upp á og annað er óljóst. Þá er hvergi tekið fram að borgin hyggist stuðla að réttlátum umskiptum. Réttlát umskipti snúa m.a. að uppbyggingu og þróun atvinnulífs og vinnumarkaðar, færni og þekkingu, þróun samgangna og borgarskipulags. Reykjavíkurborg gegnir því lykilhlutverki og er mikilvægt að skýrt sé kveðið á um að réttlát umskipti séu leiðarljós í atvinnustefnu borgarinnar. Alþýðusamband Íslands lýsir sig reiðubúið til frekara samtals um hvernig borgin getur stutt við og stuðlað að réttlátum umskiptum.

Gervigreind

Að lokum skal vikið að þætti sem mjög er til umfjöllunar nú um stundir en ekki er minnst á í atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur. Hér er átt við tilkomu gervigreindar.

Sátt ríkir um að innleiðing gervigreindar valdi því að vinnumarkaðurinn, almennt og yfirleitt, standi frammi fyrir einni stærstu áskorun nútímasögunnar.

Segja má að kröfur verkalýðshreyfingarinnar um „réttlát umskipti“ geti allt eins átt við um nýtingu gervigreindar þótt vissulega beri að taka fram að þær grundvallarbreytingar sem hún mun valda munu að líkindum snerta mun fleiri hópa og störf á vinnumarkaði.

Ef til vill má álykta að sú nýsköpun sem er miðpunktur þeirrar atvinnustefnu sem Reykjavíkurborg hefur nú mótað muni að einhverju eða miklu leyti verða byggð á nýtingu gervigreindar.

Þar með hlýtur sú spurning að vakna hvernig Reykjavík hyggst vera í fararbroddi þeirrar byltingar hér á landi á sama tíma og tekist verður á við afleiðingar hennar á vinnumarkaði þ.m.t. innan borgarinnar sem stærsta vinnustaðar landsins.

Að lokum



Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkur er metnaðarfull og kveður á um skýra framtíðarsýn með áherslu á menntun, inngildingu og sjálfbærni, þætti sem verkalýðshreyfingin fagnar. Hins vegar þarf að bæta í stefnu borgarinnar eftirfarandi:

- Skýrari áherslu á kjör og réttindi launafólks.
- Að móta afstöðu til gígg-hagkerfisins og upplýsa um áhrif þess á vinnumarkaðinn.
- Að fjalla sérstaklega um gervigreind og tryggja réttlát umskipti tengd nýsköpun og sjálfvirkni.

Reykjavíkurborg, sem stærsti vinnustaður landsins, ber ábyrgð á að þetta sé útfært með jöfnuð, virðingu og mannsæmandi kjör að leiðarljósi. Verkalýðshreyfingin er reiðubúin til samstarfs um að tryggja að breytingar verði réttlátar, sanngjarnar og að enginn verði skilinn eftir.

Reykjavík 19. júní 2025

Ólafur Vassdóttir

Framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands